

Ár 2004, föstudaginn 20. febrúar er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í kærumálinu nr. 1/2004:

Suphit Donkanha
gegn
Kristjáni Georgssyni

Mál þetta er kært með kæru dags. 11. nóvember 2003. Kærður er úrskurður Dómstóls GSÍ dag. 3. nóvember 2003.

Kærandi gerir þær kröfur að Áfrýjunardómstóll GSÍ ógildi úrskurð Dómstóls GSÍ er hann telur a. tl. 3ju greinar dóms- og refsíakvæða ÍSÍ æðri úrskurði R&A 33.5/2 þegar um brot á golfreglu 33.5 er að ræða og að dómstóllinn vísi málinu aftur til meðferðar Dómstóls GSÍ með þeim fyrirætlum að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar og dómur upp kveðinn samkvæmt þeim lögum og reglum sem um málið fjallar.

Í golfreglu 33-5 segir svo um atvik lík þeim sem hér er til umræðu:

“Í höggleið er nefndin ábyrg fyrir samlagningu á skor og heimfærstu þeirrar forgjafar sem skráð er á skorkortið.”

Úrskurður R&A nr. 33-5/2 segir svo í lauslegri þýðingu:

Sp: Í höggleiðskeppni skilar A skorkorti sem sýnir forgjöf þá sem hann á kröfu á og Nefndin notar ranga forgjöf eða misreiknar nettóskorið. Þetta veldur því að annar keppandi fær verðlaunin sem A átti með réttu. Mistökun uppgötvast eftir að keppninni er lokið. Hver er úrskurðurinn?

Sv: Nefndin á að leiðrétta mistök sín með því að innkalla verðlaunin og veita A þau síðan. Það eru engin tímamörk á leiðréttingu slíkra mistaka. Regla 34-1b á ekki við í þessu tilfelli þar sem hún fjallar um víti en ekki um mistök Nefndarinnar.

Lykilatriði í úrskurði þessum er “skorkorti sem sýnir forgjöf þá sem hann á kröfu á”. Í því tilfelli, sem úrskurður þessi fjallar um, leikur engin vafi á því að leikmaður A á kröfu á þeirri forgjöf sem rituð er á skorkortið.

Mál þetta fjallar um það að kærði breytti forgjöf kæranda á skorkorti sem hún skilaði inn í keppni hjá Nesklúbbum þann 21. maí 1998 og kröfu kæranda um að forgjöf sú sem stóð á skorkortinu verði látin gilda í móti þessu og henni þannig dæmdur sigurinn í mótinu með tilheyrandi innköllun verðlauna í samræmi við úrskurð 33-5/2.

Ástæðan sem rakin hefur verið fyrir því að kærði breytti forgjöf kæranda er að þann 10. maí 1998 hafi hún skilað inn skorkorti til forgjafarnefndar þar sem hún lék Nesvöllinn töluvert undir forgjöf sinni, sem þá var 36. Forgjafarnefnd Nesklúbbsins mun ekki hafa verið búin að fjalla um skorkort þetta áður en umrætt mót fór fram. Verður því ekki annað séð en að kærði sem mótsstjóri hafi talið að kærandi hafi ekki átt kröfu á umræddum 36 í forgjöf í mótinu.

Nauðsynlegt er að líta nánar á golfreglur til að sjá mikilvægi forgjafar við golfleik. Þær golfreglur sem taka að einhverju leiti á forgjöf eru reglur 6-2, 33-4 og 33-5.

Golfregla 6-2 sem heitir Forgjög hljóðar svo:

"a. Holukeppni.

Áður en leikur hefst í holukeppni með forgjöf ættu leikmennirnir að kynna sér forgjöf hvers annars. Hefji leikmaður keppni og hafi gefið upp hærri forgjöf en rétt er, og mismunurinn hafi áhrif á hve mörg högg skuli gefa eða þiggja, skal hann sæta frávísun; annars skal sú forgjöf sem leikmaðurinn gaf upp gilda.

b. Höggleikur.

Í sérhverri umferð höggleiks með forgjöf skal keppandinn ganga úr skugga um að forgjöf sín sé skráð á skorkort sitt áður en því er skilað til nefndarinnar.

Sé engin forgjöf skráð á skorkortið áður en því er skilað, eða ef skráð forgjöf er hærri en hann á rétt á, og það hefur áhrif á gefinn höggafjölda skal hann sæta frávísun frá þeirri umferð forgjafarkeppinnar; annars skal skorin gilda."

Samkvæmt þessari reglu er það litið mjög alvarlegum augum er keppandi gefur upp hærri forgjöf en hann hefur rétt á. Bæði í höggleik og holukeppni fær slíkur keppandi þá hámarksrefsingu sem golfreglur kveða á um, þ.e. frávísun. Gefi leikmaður hins vegar upp lægri forgjöf en hann er með, skulu þau úrslit standa. M.ö.o. ef menn gefa upp of háa forgjöf þá fá þeir hámarksrefsingu en gefi þeir upp of lága forgjöf þá verða menn að búa við þá niðurstöðu. Skv. þessu leggja golfreglur ríka áherslu á að keppendur gefi upp rétta forgjöf í keppnum.

Í reglu 33-4 segir svo um forgjöfina:

"Nefndin skal birta töflu sem sýnir á hvaða holum og í hvaða röð forgjafarhögg skulu gefin og þegin."

Samkvæmt þessu er það ekki sett í vald keppenda að ákvarða á hvaða holum gefa skuli eða þiggja högg heldur á Nefndin á ákvarða það og birta töflu þar að lútandi. Í þessu sambandi leggja því golfreglur ríka áherslu á rétta framkvæmd golfleiks út frá forgjöf.

Í reglu 33-5 sem þegar hefur verið rakin hér á undan leggja golfreglur þær skyldur á herðar leikmanni að tryggja að forgjöf sé rétt skráð á skorkortið og undanskilur mótanefnd að tryggja það. Skrái leikmaður ranga forgjöf á skorkortið er það á hans ábyrgð.

Golfreglur leggja á það ríka áherslu að menn séu á réttri forgjöf og að þeir beiti alls ekki forgjöf sem veitir þeim forskot umfram aðra og þeir eiga ekki rétt á. Þess vegna er lögð svo rík áhersla á það í úrskurði 33-5/2 að um sé að ræða forgjöf sem leikmaður á kröfu á.

Í forgjafarreglum þeim sem í gildi voru á þeim tíma sem umrætt atvik átti sér stað er að finna reglur um tilgang forgjafar og hvernig hún sé meðhöndluð. Í reglu 4.1.1. í forgjafarreglum og vallarmati 1997 – 1998 segir svo:

"Forgjöf allra leikmanna skal endurspegla raunverulega getu leikmannsins með það að markmiði að allir leikmenn eigi fræðilegan möguleika á að keppa á sama grundvelli (við sömu skilyrði, á sömu forsendum).

Eðli leiksins og hinar mjög svo breytilegu forsendur leiksins, valda því hins vegar að forgjafarkerfið getur aldrei tekið tillit til allra aðstæðna. Þrátt fyrir það næst umtalsvert samræmi og þar af leiðandi réttlæti ef allar forgjafarnefndir beita reglunum skv. bestu vitund (dómgreind).

Að sjálfsögðu er þess einnig krafist að allir leikmenn uppfylli sínar skyldur.

Forgjafarbreytingar sem ekki eru byggðar á gilda skori, krefjast þess að nefndin taki til athugunar allar fyrirliggjandi upplýsingar um getu leikmannsins. Sérstaklega ætti að athuga úrslit úr holukeppni, fjórleik, valkeppni og einkakeppnum."

Samkvæmt þessu er aðalreglan sú að forgjöfin skuli endurspegla getu leikmannsins og að forgjafarnefndinni sé heimilt að taka gild ýmis tilfelli, sem annars eru ekki talin gild til forgjafar við endurákvörðun á forgjöf leikmanns. Þetta er síðan ítrekað nánar í reglu 4.1.2. en þar segir:

“Í forgjafarhópum 2-5 skal forgjafarnefnd, til að gæta hagsmuna allra meðlima klúbbsins setja hverjum leikmanni grunnforgjöf sem nefndin álitur að endurspegli getu hans.

Þetta þýðir að forgjafarnefnd er skyldug að breyta forgjöf, hækka og lækka, eftir úrslitum úr forgjafarleik eða skorti á slíkum leiknum hringjum.

Aðstæður þar sem þetta fyrirkomulag er æskilegt, er t.d. hjá eldri kylfingum sem eru að tapa getu og forgjafarkefnið sér ekki fyrir nægilegra hröðum breytingum á grunnforgjöf, svo og hið gagnstæða, þ.e. ungir leikmenn í mjög hraðri framför.

Þegar forgjafarnefnd, við aðstæður sem þessar, ihugar að lækka forgjöf spilarans undir 5,5 verður hún að ráðfæra sig við GSÍ.

Öðrum ákvörðunum um einstaka forgjafir, byggðum á slíku mati má vísa til Gólf sambands Íslands.”

Einnig segir í forgjafarreglum þessum varðandi breytingar og endurskoðun á forgjöf í reglu 4.2.1.:

“Forgjafarnefnd er skylt til að gefa hverjum leikmanni forgjöf, sem er lægri en sú sem unnin er úr úrslitum í forgjafarhringjum, þegar nefndin álitur að slíkt endurspegli raunverulega getu spilarans. Á sama hátt er forgjafarnefndinni einnig skylt að gefa hverjum leikmanni forgjöf sem er hærri en sú sem reiknast út samkvæmt kerfinu, ef slík forgjöf endurspeglar rétta meðalgetu hans.

Þegar forgjafarnefnd metur getu leikmannsins, ættu fleiri viðmiðanir en liggja fyrir í forgjafarhringnum að vera teknar inn í matið. Aðalmarkmiðið er að gefa sem réttasta forgjöf.”

Eins og hér hefur verið rakið lögðu forgjafarreglur þessa tíma ríka áherslu á að forgjöfin endurspeglaði getu leikmannsins. Svo rík var þessi áhersla að forgjafarnefndum var heimilað að taka tillit til fleiri þátta en leikinna hringja við endurákvörðun forgjafar ef telja mátti líklegt að með þeim aðferðum væri hægt að færa forgjöf leikmanns nær getu hans en forgjafarreglur sögðu til um. Þessu til viðbótar leggja golfreglur áherslu á sama hlutinn með því að áskilja hámarksrefsingu ef menn eru með forgjöf sem veitir þeim forskot umfram aðra kylfinga í forgjafarkeppni, hvort heldur þar er um holukeppni eða högguleik að ræða. Í ljósi þessa verður áherslan á “forgjöf sem leikmaður á kröfu á” í úrskurði 33-5/2 betur skiljanlegur.

Í máli því sem hér um ræðir hefur komið fram í málsgögnum á fyrri dómstigum að kærandi lék þann 10. maí 1998 hring á Nesvellinum á 97 höggum sem gaf henni nettóskor upp á 61 eða 11 höggum undir pari vallarins miðað við þá 36 sem hún hafði í forgjöf á þeim tíma. Þennan sama dag skilaði fyrirsvarsmaður hennar skorkortinu, sem hann hafði undirritað og staðfest sem rétt, til framkvæmdastjóra klúbbsins með ósk um að því væri komið til forgjafarnefndar klúbbsins til lækkunar á forgjöf. Þann 10. maí 1998 liggur því fyrir að kærandi og/eða fyrirsvarsmaður hennar telja að forgjöf hennar 36, sé of há og að hana beri að lækka. Þann 21. maí 1998 tekur hún síðan þátt í golfínóti hjá Nesklúbbum og gefur þar upp 36 í forgjöf og undirritar skorkort þar að lútandi. Gerir hún hvorki athugasemdir á skorkorti sínu né heldur bendir mótastjórn á að hún hafi þegar sent forgjafarnefnd gögn sem sýna fram á að þessi forgjöf hennar væri of há.

Við úrlausn þessa máls verður að skera úr um það hvort kærandi hafi átt kröfu á forgjöfinni 36 þegar umrætt mót fór fram. Í ljósi þeirrar áherslu sem forgjafarreglur leggja á að forgjöf endurspegli getu leikmanns og þeirrar alvöru sem golfreglur leggja á


að menn séu ekki með of háa forgjöf í keppnum, verður ekki séð að kærandi hafi átt kröfu á að forgjöf hennar væri 36. Ósk kæranda um lákkun forgjafar þann 10. maí 1998 staðfestir þessa niðurstöðu.

Atvik það sem hér um ræðir uppfyllir því ekki þau skilyrði sem úrskurður 33.5/2 gerir og gilda því hér almennir kærufrestir skv. a tl. 3. gr. dóms- og refsiakvæða ÍSÍ.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður Dómstóls GSÍ er staðfestur.



Three handwritten signatures are present. The top signature is the most legible and appears to be 'Sveinur'. The middle signature is partially obscured and less legible. The bottom signature is also partially obscured and less legible.